



Garðabær

Kynning í upphafi endurskoðunar

Endurskoðun ársreiknings 2017
21. nóvember 2017

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Áherslur í endurskoðun	4
Tímasetningar	9
Aðrar upplýsingar vegna endurskoðunar	10
Skyldur og samskipti	11
Viðaukar: Ný persónuverndarlöggjöf, húsnæðismál og opið bókhald	12

Inngangur

Garðabær, 21. nóvember 2017

Til bæjarstjórnar

Almennt

Kynning þessi er ætluð stjórnendum sveitarfélagsins í því skyni að koma á framfæri upplýsingum um nálgun okkar og áherslur við endurskoðun á ársreikningi þess fyrir árið 2017 og önnur atriði sem við teljum að geti verið áhugaverð.

Endurskoðunin

Við („KPMG“) höfum verið kjörin endurskoðendur sveitarfélagsins til að annast endurskoðun ársreiknings fyrir árið 2017 og til að upplýsa bæjarstjórn um mikilvæg atriði sem koma upp í endurskoðuninni.

Ársreikningur sveitarfélagsins samanstendur af ársreikningi A hluta og samanteknum ársreikningi A og B hluta. Umfjöllunin nær til endurskoðunar á ársreikningi sveitarfélagsins, nema annað sé tekið fram.

Tilgangur endurskoðunarinnar er að veita óháð álit á ársreikningnum og staðfesta að skýrsla sveitarstjórnar uppfylli kröfur laga.

Endurskoðun okkar verður unnin í samræmi við viðeigandi lög og reglur og þá sérstaklega lög nr. 79/2008 um endurskoðendur og alþjóðlega staðla um endurskoðun (ISA), en einnig í samræmi við kröfur sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og laga nr. 3/2006 um ársreikninga.

Alþjóðlegir staðlar um endurskoðun krefjast þess að endurskoðunin sé skipulögð og unnin til að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til að staðfesta með úrtökum fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikninginum. Val á endurskoðunaraðgerðum byggist á faglegu mati okkar, þar með talið á hættu að verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Endurskoðun okkar er hins vegar ekki sérstaklega ætlað að koma upp um sviksemi.

Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat sem stjórnendur beita við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við skipulagningu og framkvæmd endurskoðunar tökum við tillit til innra eftirlits til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.

Endurskoðun KPMG á ársreikning sveitarfélagsins er einnig lýst í bréfi um endurskoðun sem er dagsett 1. desember 2016.

Frekari upplýsingar í tengslum við skýrsluna veita:

Magnús Jónsson
Hluthafi og löggiltur endurskoðandi
magnusjonsson@kpmg.is

Lilja Dögg Karlsdóttir
Senior manager og löggiltur endurskoðandi
lkarlisdottir@kpmg.is



1 Mat á lífeyrisskuldbindingu

Hætta á skekkju í mati á lífeyrisskuldbindingu

Hugsanlegur lykilpáttur endurskoðunar

- Við mat á lífeyrisskuldbindingu A hluta eru notaðar forsendur um dánar- og lífslíkur í samræmi við tillögu Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga að breytingu dánar- og eftirlifendataflna frá 1. mars 2015. Þær forsendur gera ráð fyrir að dánartíðni haldi áfram að lækka og meðalævi lengjast í stað þess að miða við reynslu undangenginna ára. Það er mat stjórnenda að þessar forsendur gefi gleggri mynd af lífeyrisskuldbindingu A hluta og taka skuli tillit til þeirra með vísan til ársreikningalaga.
- Lífeyrisskuldbinding sveitarfélagsins er háð mati stjórnenda og byggir útreikningurinn á tillögu tryggingastærðfræðinga í stað þess að byggja á ákvæðum reglugerðar nr. 391/1998, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða sem tiltekur forsendur um lífslíkur og fleiri þætti. Um er að ræða flókna útreikninga.

Fyrirhuguð viðbrögð

- Við munum fara yfir og leggja mat á þær aðferðir sem stjórnendur beita við mat á lífeyrisskuldbindingunni.
- Við beitum gagnagreiningaraðgerðum þar sem við setjum fram væntingar um stöðu skuldbindingarinnar í árslok, m.a. út frá þróun vísitölu lífeyrisskuldbindinga fyrir opinbera starfsmenn, réttindaávinnslu virkra sjóðsfélaga og greiðslna til lífeyrisþega og berum saman við niðurstöður tryggingastærðfræðinga.
- Við förum yfir eftirlit stjórnenda með útreikningi á skuldbindingunni, aðkomu þeirra og mati á forsendum, s.s. flokkun rétthafa og launaviðmið.
- Við förum yfir að þeir aðilar sem mynda skuldbindinguna séu rétt flokkaðir í útreikningum tryggingastærðfræðings.
- Fundur verður haldinn með tryggingastærðfræðingi, vinnulag hans við útreikning verður yfirfarið og hæfi hans metið.
- Staðfestingar á óhæði gagnvart sveitarfélaginu og lífeyrissjóðnum verður aflað hjá tryggingastærðfræðingi.
- Við munum fara yfir framsetninguna í ársreikningnum, flokkun í langtíma- og skammtímahluta og upplýsingar í skýringum.



2 Innlausn fyrirframinnheimtra gatnagerðargjalda

Hætta á skekkju í mati á fyrirframinnheimtum gatnagerðargjöldum

Hugsanlegur lykilpáttur endurskoðunar

- Framkvæmdakostnaður vegna gatnakerfa í nýjum hverfum er færður til eignar í Eignasjóði og innheimtar tekjur vegna gatnagerðargjalda færðar til lækkunar á fjárfestingunni. Tekjur umfram framkvæmdakostnað eru færðar til skuldar, sem fyrirframinnheimtar tekjur, á meðan á uppbyggingartíma stendur og ganga til lækkunar á framkvæmdakostnaði hvers árs. Þegar gatnagerð í hverfum líkur eða áætla má kostnað við að ljúka uppbyggingu með áreiðanlegum hætti, eru fyrirframinnheimtar tekjur innleystar.
- Innlausn fyrirframinnheimtra gatnagerðargjalda hefur veruleg áhrif á rekstrarafkomu og bókfærðar skuldir og þar með fjárhagsviðmið sveitarstjórnarlaga.
- Innlausn fyrirframinnheimtar tekna vegna gatnagerðargjalda er þess vegna einn af lykilpáttum í endurskoðun okkar á ársreikningi sveitarfélagsins.

Fyrirhuguð viðbrögð

- Við munum fara yfir og leggja mat á þær aðferðir sem stjórnendur beita við mat á stöðu gatnaframkvæmda. .
- Fundur verður haldinn með sérfræðingum varðandi uppgjör einstakra hverfa, stöðu framkvæmda, áætlaðan kostnað við að ljúka verkum og hvenær ráðgert er að ljúka einstökum framkvæmdum.
- Við yfirförum útreikninga og rekjum fjárhæðir í undirgögn
- Við förum yfir og lögðum mat á þær röksemdir og lagagrundvöll fyrir reikningshaldslegri meðferð og framsetningu í ársreikningnum þ.m.t. flokkun í langtíma- og skammtímahluta og upplýsingar í skýringum

3 Innra eftirlit og fjárhagskerfi (1)

Hætta á að tjón hljótist af villum, mistökum eða misnotkun

Áhættan

- Innra eftirlit og virkni þess er veigamikill þáttur í að tryggja áreiðanleika fjárhagsupplýsinga, örugga meðferð og vörslu fjármuna og að ekki hljótist tjón af villum, mistökum eða misnotkun.

Fyrirhuguð viðbrögð

- Við endurskoðun okkar á ársreikningi 2017 tókum við mið af innra eftirliti og fjárhagskerfi sveitarfélagsins. Með innra eftirliti er m.a. átt við verklagsreglur þar sem kveðið er á um meðferð skjala og ábyrgðar- og verkaskiptingu og hafa að markmiði að tryggja áreiðanlegt bókhald, örugga meðferð og vörslu fjármuna og að ekki hljótist tjón af villum, mistökum eða misnotkun.
- Endurskoðun okkar byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.



4 Stjórnsýsluskoðun

Vafi gæti leikið á heimildum til álagningar skatta og gjalda og ráðstöfun fjármuna

Áhættan

- Lagareglur gilda um form ákvarðana um álagningu skatta og þjónustugjalda og ákvarðana um hvers kyns útgjöld sveitarfélaga.
- Séu ákvarðanir ekki teknar í samræmi við lög kann að leika vafi á heimildum til álagningar skatta og gjalda og ráðstöfunar fjármuna.

Fyrirhuguð viðbrögð

- Kannað verður hvort fullnægjandi heimildir hafi verið fyrir útgjöldum og hvort almenn stjórnsýsla sveitarfélags og einstakar ákvarðanir af hálfu þess eru í samræmi við reglur um fjármál sveitarfélags, ábyrga fjármálastjórn og upplýsingaskyldu sveitarfélaga.“
- Verður í því sambandi kannað hvort sveitarstjórn hafi fylgt ákvæðum laga, reglna og samþykta er lúta að stjórnsýslu, svo sem sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga.



5 Önnur áhersluatriði - hluti (1)

Hætta á skekkju í útreikningi

Uppgjör á A deild Brúar lífeyrissjóðs

Á árinu 2017 hefur verið unnið að uppgjöri á A deild Brúar lífeyrissjóðs vegna breytinga á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Með setningu laga nr. 127/2016 var lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins breytt og hefur sú lagabreyting áhrif á A deild Brúar lífeyrissjóðs. Vegna uppgjors sveitarfélaga við A deild Brúar voru gerðar breytingar á reglugerð nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga og reglugerð nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga. Áhersla verður lögð á að yfirfara útreikninga vegna uppgjorsins og að færsla og framsetning sé í samræmi við ákvæði framangreindra reglugerða.

Tekjur

Við endurskoðun tekna er lögð áhersla á þau tekjuferli þar sem helst er hætt á skekkjum og þær skoðaðar með tilliti til þess að staðfesta heild þeirra, tilvist og rétta lotun. Varðandi útsvar og framlög Jöfnunarsjóðs verður lögð áhersla á samræmi við ytri gögn.

Laun og launatengd gjöld

Lögð verður áhersla á að sannreyna launakostnaði með skoðun á innra eftirliti, afstemmingum, greiningum og skoðun á hreyfingum með greiningartæki. Laun og launatengd gjöld nema um 54,1% af heildarrekstrarkostnaði A og B hluta.

Rekstrarkostnaður

Lögð verður áhersla á að sannreyna rekstrarkostnað með skoðun á innra eftirliti, afstemmingum, greiningum, beinum úrtaksprófunum og skoðun á hreyfingum með greiningartæki.



5 Önnur áhersluatriði - hluti (2)

Hætta á skekkju í útreikningi

Varanlegir rekstrarfjármunir

Óinnheimtar tekjur og viðskiptakröfur

Langtímalán

Framsetning ársreiknings

Fjárhagsleg viðmið

Ábendingar fyrra árs

Varanlegir rekstrarfjármunir A hluta námu 20.241 millj. kr. í árslok 2016, eða 88% af heildareignum. Áhersla er lögð á að skoða fjárfestingu ársins sem verður sérstaklega yfirfarin með prófunum á eftirlitsþáttum, greiningum og beinum úrtaksprófunum.

Óinnheimtar tekjur og viðskiptakröfur eru endurskoðaðar í samhengi við endurskoðun tekna. Áhersla er lögð á endurskoðun á mati krafna og mögulegri þörf á sértækri niðurfærslu vegna einstakra mála.

Uppreikningur langtímalána og leiguskulda er yfirfarinn. Lögð verður áhersla á að kanna heild og nákvæmni í uppreikningi og gerðar ítarlegar greiningar á fjármagnsgjöldum.

Framsetning ársreiknings skal vera í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006. Auk þess ber að fylgja sveitarstjórnarlögum og reglum settum á grundvelli þeirra laga um þau atriði reikningsskila sem eru sérstök fyrir sveitarfélög. Við endurskoðun verður ársreikningurinn yfirfarinn með tilliti til þessa.

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum er sveitarfélögum settar viðmiðanir um afkomu og fjárhagsstöðu. Við endurskoðun er lögð áhersla á að skoða hvernig sveitarfélagið uppfyllir framangreind viðmið í samræmi við nánari reglur sem um þau gilda.

Í endurskoðun 2017 munum við fylgja eftir þeim ábendingum sem fram komu í skýrslum til sveitarstjóra vegna endurskoðunar 2016 og staðfesta viðbrögð stjórnenda við ábendingunum.

Aðrar upplýsingar vegna endurskoðunar



Ábyrgð endurskoðanda

Endurskoðandi ber ábyrgð á að gefa álit á ársreikningnum sem gerður er af stjórnendum undir eftirliti bæjarstjórnar.

Endurskoðun ársreiknings afléttir ekki skyldum af stjórnendum eða bæjarstjórn og endurskoðunarnefnd, eftir atvikum, á ársreikningnum.

Endurskoðanda ber að vekja athygli á verulegum vanköntum sem koma í ljós við endurskoðun ársreiknings og nýtast þeim sem hafa eftirlit með gerð ársreiknings. Einnig ber endurskoðanda að upplýsa um veruleg vandkvæði sem koma fram við endurskoðunina.

Álit okkar beinist ekki að upplýsingum sem ekki eru hluti ársreiknings og okkur er ekki skylt að leggja mat á hvort slíkar upplýsingar eru settar fram með réttum hætti. Við endurskoðun ársreiknings kynnum við okkur aðrar upplýsingar, þar sem verulegt misræmi milli þeirra og endurskoðaðs ársreiknings gæti grafið undan trúverðugleika hins endurskoðaða ársreiknings. Þegar við verðum vör við slíkt misræmi upplýsum við stjórnendur um það.

Staðfesting á óhæði

Við höfum metið og staðfest óhæði okkar sem endurskoðenda og óhæði allra starfsmanna okkar sem koma að endurskoðuninni.

Alþjóðlegur endurskoðunarstaðall ISA 260 og lög um endurskoðendur kveða á um skyldu okkar til að upplýsa endurskoðunarnefnd um öll mál sem ætla má að geti haft áhrif á óhæði okkar, tilgreina þær varúðarráðstafanir sem gripið hefur verið til vegna þeirra mála og að staðfesta óhæði okkar. Þar sem endurskoðunarnefnd er ekki til staðar staðfestum við óhæði okkar gagnvart bæjarstjórn.

KPMG leggur sérstaka áherslu á að gæta að óhæði í reynd og ásýnd. Í samræmi við siða- og óhæðisreglur ber öllum eigendum og starfsmönnum KPMG að staðfesta árlega að þeir hafi farið að reglum um óhæði, þar á meðal að þeir eigi ekki fjárhagslegra hagsmuna að gæta sem ganga gegn óhæðisreglum.

Frekari varúðarráðstafanir fela í sér reglubundið mat á samsetningu endurskoðunarteymisins, meðal annars yfirferð á starfstíma endurskoðenda í samræmi við settar reglur. Sérhvert nýtt verkefni sem vinna á fyrir viðskiptavin í endurskoðun fer í gegnum sérstakt samþykktarferli þar sem meðal annars er leitað er samþykkis þess partners sem ber ábyrgð á endurskoðuninni.

Eftir að hafa farið yfir framangreint og önnur viðeigandi atriði er það okkar mat að KPMG sé óháð í samræmi við lög, reglur og endurskoðunarstaðla.

Gagnsæisskýrsla

Gagnsæisskýrslu okkar má nálagst á heimasíðu okkar www.kpmg.is, en í kafla tvö eru lýsingar á gæðaeftirliti okkar.



Hlutverk og skyldur partners í endurskoðun

Partner ber ábyrgð á :

- Verkstjórn, eftirliti og frammistöðu endurskoðunarteymisins í samræmi við faglega staðla og lög og reglur.
- Að áritun endurskoðanda á ársreikninginn sé viðeigandi.

Skyldur stjórnenda

Stjórnendur bera ábyrgð á að koma á framfæri við endurskoðanda skoðunum sínum um eftirtalda þætti:

- Við hvaða starfsfólk sveitarfélagsins endurskoðendur skuli hafa samskipti.
- Verkaskiptingu og ábyrgð einstakra stjórnenda.
- Markmið og áætlanir sveitarfélagsins og tengd áhætta, sem leitt geta til verulegra rangfærslna.
- Atriði sem stjórnendur telja að sérstaklega þurfi að athuga við endurskoðunina og mál sem þeir óska eftir að verði skoðuð frekar.
- Mikilvæg samskipti við eftirlitsaðila.
- Viðhorf, vitund og aðgerðir stjórnenda vegna innra eftirlits og mikilvægi þess hjá sveitarfélaginu, þar á meðal hvernig stjórnendur hafa umsjón með virkni innra eftirlits og hvernig komið er upp um hugsanlega sviksemi.
- Aðgerðir stjórnenda í tengslum við breytingar á reikningsskilareglum, stjórnarhætti, reglur um verðbréfamarkaði og tengd málefni.

Mikilvægi gagnkvæmra samskipta

Við viljum leggja áherslu á mikilvægi gagnkvæmra samskipta af eftirfarandi ástæðum:

- Þau munu auðvelda okkur og stjórnendum að skilja málefni sem varða umfang endurskoðunar og við að eiga uppbyggileg samskipti.
- Þau munu hjálpa okkur við að afla upplýsinga frá stjórnendum um það sem máli skiptir við endurskoðunina.
- Þau munu auðvelda stjórnendum að uppfylla skyldur sínar í tengslum við reikningsskilin og minnka þannig hættu á verulegum rangfærslum í ársreikningnum

Form samskipta

Við munum eiga samskipti við stjórnendur tímanlega með rafrænum hætti, skriflega og/eða á fundum. Ef ástæða er til eru ábendingar um það sem betur má fara settar í skýrslu til bæjarstjóra. Alvarlegar ábendingar og önnur atriði sem við viljum koma á framfæri við bæjarstjórn fara í endurskoðunarskýrslu



Viðaukar

Viðauki I Ný persónuverndarlög



Ný persónuverndar- löggjöf

Ný persónuverndarlöggjöf – aukin ábyrgð

Á árinu 2018 er áformað að ný persónuverndarlög taki gildi. Nýju lögin fela í sér auknar kröfur um innra eftirlit fyrirtækja og upplýsingaskyldu til einstaklinga og persónuverndaryfirvalda. Með nýjum reglum aukast jafnframt heimildir yfirvalda til að beita sektum og birta upplýsingar um þau fyrirtæki sem sinna ekki skyldum sínum á þessu sviði. Breytingarnar eru þær umfangsmestu á evrópski og íslenski persónuverndarlöggjöf í meira en 20 ár.

Hvað þýðir ný persónuverndarlöggjöf?

- Stjórnendur fyrirtækja þurfa að innleiða verklagsreglur til að framfylgja nýju löggjöfinni.
- Ný löggjöf mun veita eftirlitsstofnunum víðtækar heimildir til að leggja háar stjórnarsýslusektir á aðila sem gerast brotlegir við persónuverndarlög.
- Fyrirtæki þurfa að skilgreina og innleiða persónuverndarstefnu og fylgja henni eftir.
- Ný löggjöf mun auka verulega rétt einstaklinga til að fá upplýsingar um og hafa stjórn á persónuupplýsingum sínum.
- Fyrirtæki sem þjónusta önnur félög falla einnig undir reglur um persónuvernd og þurfa því að vinna eftir því verklagi.
- Nýjar reglur geta haft umtalsverð áhrif á vinnubrögð fyrirtækja við upplýsingasöfnun og úrvinnslu gagna.
- Hluti fyrirtækja þurfa að tilnefna sérstakan persónuverndarfulltrúa. Sá aðili getur verið starfsmaður fyrirtækisins eða utanaðkomandi sérfræðingur.


Er fyrirtækið undirbúið?

- Er búið að greina hvernig ný persónuverndarlög munu hafa áhrif á rekstrarumhverfi fyrirtækisins?
- Hafa verið gerðar ráðstafanir til að koma í veg fyrir, greina og bregðast við mögulegum gagnaleka?
- Er búið að greina þau persónugreinanlegu gögn sem fyrirtækið vistar, hvar þau eru geymd og hver hefur aðgang?

Nýju reglurnar geta haft umtalsverð áhrif á vinnu fyrirtækja við upplýsingasöfnun og úrvinnslu. Í mörgum tilvikum kallar þetta á aðlögun sem krefst sérfræðikunnáttu og góðs undirbúnings.

- Á eftirfarandi slóð má nálgast ítarlegra efni um fimm skref til hagnýtingar regluverksins:

- <https://home.kpmg.com/is/is/home/insights/2017/09/ert-thu-klar.html>





Tengiliðir

Soffía Eydís Björgvinsdóttir
Skatta- lögfræðisvið
Sími: +354 545 6089
Netfang: sbjorgvinsdottir@kpmg.is

Ingi Tómasson
Ráðgjafarsvið
Sími: +354 545 6032
Netfang: itomasson@kpmg.is





Húsnæðismál

Verklag KPMG vegna húsnæðismála sveitarfélaga



Gagnvirkar upplýsingar um upphafsgreiningu

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026





Tengiliðir

Oddur G. Jónsson
Ráðgjafarsvið
Sími: +354 545 6025
Netfang: ojonsson@kpmg.is

Guðmundur Pálsson
Ráðgjafarsvið
Sími: +354 545 6147
Netfang: [gpallsson@kpmg.is](mailto:gpalsson@kpmg.is)



Opið bókhald og viðskiptagreind fyrir sveitarfélög

Opið bókhald - framsetning

Tekjur

Framsetning á tekjum sveitarfélagsins þar sem hægt er að skoða tekjur niður einstaka málaflokka, deildir eða tekjuliði. Hægt er að skoða gögn og bera saman tekjur eftir árum eða ársfjórðungum og sjá þróun milli ára eða ársfjórðunga í tekjum. Öll framsetning er gagnvirk og hægt að vinna með gröf og tölur á einfaldan hátt.




Gjöld

Framsetning á gjöldum sveitarfélagsins þar sem hægt er að skoða gjöld sveitarfélagsins niður á einstaka málaflokka, deildir eða gjaldaliði. Hægt er að skoða gögn og bera saman við þróun gjalda milli ára eða ársfjórðungum. Einnig er hægt að skoða greiningu á birgjum eftir málaflokkum og deildum.



Stjórnendamælaborð og sveitarfélagið í tölum



Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026



Tengiliðir

Davíð Halldórsson
Partner, IT Advisory
Ráðgjafarsvið
Sími: +354 545 6134
Netfang: dhalldorsson@kpmg.is



kpmg.com/socialmedia



kpmg.com/app

© 2017 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, svissnesku samvinnufélagi. Allur réttur áskilinn.

Nafn og kennimark KPMG eru skráð vörumerki KPMG International.